

**Nd.**

**123. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Í stað 10. greinar, er falli burtu, komi ný grein, er orðist svo:

Til að framkvæma matið skulu skipaðar þrjár matsnefndir á þann hátt, er hér segir:

Fyrir kaupstaði, sem hafa sjerstök bæjarrjettindi, skal skipa eina nefnd. Skipar stjórnarráðið 1 mann, bæjarstjórnir kjósa 2 menn hver, sem með þeim stjórnskipaða manni eiga sæti í matsnefnd, hverjir tveir fyrir fasteignir innan sins kaupstaðar.

Fyrir kauptún, sem eru sjerstök hreppsflög, og fyrir hreppa, þar sem eru fjölmenn kauptún innan hrepps, skal skipuð önnur nefnd. Skipar stjórnarráðið 1 mann, hlutaðeigandi sýslunefnd kys 1 mann, sem á sæti í nefndinni fyrir öll slík kauptún innan sýslunnar. Loks kjósa hreppsnefndir þriðja manninu, er hver á sæti í nefndinni fyrir sitt kauptún.

Fyrir alla aðra hreppa skal skipa þriðju nefndina. Skipar stjórnarráðið 1 mann í nefndina, hlutaðeigandi sýslunefnd kys 1 mann, er sæti á í nefndinni fyrir alla hreppana innan sýslunnar, og loks kys hreppsnefnd hver 1 mann, er sæti á í nefndinni hver fyrir sinn hrepp.

Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugerð.

Stjórnarráðið ákveður nánar, hvernig hreppunum skal skift á milli matsnefnda, svo að verkvið þeirra verði sem jafnast.

Hinir stjórnskipuðu menn eru formenn nefndanna.

Í yfirmatsnefnd fyrir allar fasteignir í landinu kys sameinað Alþingi 2 menn. Sje sá formaður nefndarinnar, sem fleiri atkvæði fær. Þriðja sætið í

nefndinni skipa formenn undirmatsnefndanna, hver fyrir þann flokk fasteigna, sem hann i undirmatsnefnd hefir átt þátt i að meta.

2. gr.

Í stað 11. greinar, er falli burtu, komi ný grein, er orðist svo:

Formenn undirmatsnefnda skulu skipaðir æfilangt. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til 10 ára. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður hans sæti i nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir.

Enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur i nefnd, er skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur til að taka á móti endurskipun.

Greinargerð.

Pegar frummatinu var lokið á árunum 1916—19, þá þótti það augljóst, að ósamræmi væri svo mikið á verðmæti fasteigna á milli hinna ýmsu sýslna og kaupstaða, að matið væri óviðunandi grundvöllur til að byggja á svo verulegan skatt sem fasteignaskatturinn er. Til þess að ráða nokkra bót á þessu og samræma matið svo sem frekast væri unt, var þá skipuð yfirmatsnefnd fyrir land alt með bráðabirgðalögum. Þó að hún hafi eflaust jafnað nokkuð mestu misfellurnar, þá eru engar líkur til, að það hafi tekist viðunanlega eins og matið var undirbúið, þ. e. án allrar samvinnu og samanburðar á milli hinna mörgu algerlega staðlega skipuðu nefnda.

Við næsta mat horfir til hins sama, að óbreyttri tilhögun um matsnefndirnar. Með frv. þessu er stungið upp á þeirri tilhögun á skipun matsnefndanna, sem líkleg er til þess, að betra yfirlit og samræmi fáiast i matið, svo að það verði rjettlátari skattstofn til að byggja á.